

ÍSLANDSMÓT KJÖLBÁTA 2020

12. til 16. ágúst
Siglingafélagið Ýmir

TILKYNNING UM KEPPNI

1. Reglur.

1.1 Kappsiglingareglur World Sailing 2017-2020

1.2 Keppendareglur ÍSÍ.

1.3 Kappsiglingafyrirmælum mótsins.

1.4 Kappsiglingafyrirmæli Siglingasambands Íslands.

1.5 Keppni og samskipti í landi, þvottur búnaðar og notkun búningsklefa og annað fara fram með þeim opinberu takmörkunum vegna COVID-19 sem verða i gildi þegar keppnin fer fram.

2. Auglýsingar.

2.1 Bátar skulu sýna auglýsingar sem skipuleggjendur velja og láta í té.

2.2 Reglugerð 20 World Sailing um auglýsingar gildir.

3. Þátttökuréttur.

3.1 Mótið er opið öllum kjölbátum og dagbátum með gilt IRC-forgjafarskírteini. Sérhver áhafnameðlimur verður að vera fullgildur félagi í siglingafélagi skv. móta og keppnisreglum SÍL.

3.2 Hlutgenga báta má skrá með því að fylla út hjálagað skráningarblað eða sambærilegt form í tölvupósti og senda það ásamt staðfestingu á skráningargjaldi á netangið adalsteinn@lyfja.is fyrir 8. ágúst 2020 kl. 23:00.

3.3 Hægt er að skrá þátttöku allt fram að fyrsta skipstjórafundi en þá bætist við 30% álag við þátttökugjaldið.

5. Þátttökugjald.

5.1 Keppnisgjald fyrir hvern keppanda er kr 6.000. Innifalið eru veitingar í lokahófi. Þátttökugjald með 30% álagi er 7.800 kr.

Greiða skal þátttökugjald inn á reikning 536 - 26- 6634 Kennitala: 470576-0659

6. Tímaáætlun.

6.1 Skráningu skal lokið fyrir kl. 23:00 þann 8. ágúst 2020.

6.2 Dagskrá á Íslandsmótinu:

12. ágúst, mótsetning kl. 17:00, skipstjórafundur í beinu framhaldi. Fyrstu keppni startað kl 18:00.

Sigldar verða 1 - 2 umferðir. Ekki verður startað eftir kl. 20:00.

13. ágúst, fyrstu keppni verður startað kl. 18:00. Sigldar verða 1 - 2 umferðir. Ekki verður startað eftir kl. 20:00.

14. ágúst, fyrstu keppni verður startað kl. 16:00. Sigldar verða 1 - 3 umferðir. Ekki verður startað eftir kl. 20:00.

15. ágúst, fyrstu keppni verður startað kl. 10:00 Sigldar verða 2 - 5 umferðir. Ekki verður startað eftir kl. 16:00

16. ágúst, varadagur verður nýttur ef ekki hafa náðst 5 umferðir. Fyrstu keppni verður startað kl. 10:00 Sigldar verða nægilega margar umferðir til að ná í heildina 5 umferðum. Ekki verður startað eftir kl. 16:00

6.3 Sigldar verða minnst 5 umferðir ef veður leyfir og að hámarki 10 umferðir. Mótið telst gilt til íslandsmeistaratitils þótt ekki náist 5 umferðir.

6.4 Keppni verður ekki ræst ef vindur er undir 2 m/s eða yfir 10 m/s, samkvæmt mælingu keppnisstjórnar.

6.5 Ræsing keppni

Mínútum fyrir rásmerki	Sjónmerki	Hljóð-merki	Merking
5	D	Eitt	Viðvörðunarkerki
4	P	Eitt	Undirbúningsmerki
1	P tekinn niður	Eitt langt	Ein mínúta
0	D tekinn niður	Eitt	Rásmerki

6.6 Einungis einn skipstjórafundur verður haldinn. Allar tilkynningar til keppenda verða birtar á upplýsingatöflu í húsnæði félagsins, á sjó í VHF talstöð rás 74 ef þarf. Einnig hefur verið stofnaður opinn Fb hópur „Íslandsmót kjölbáta 2020“ þar sem myndir og úrslit umferða verða birt eins hratt og hægt er.

Keppisstjórn getur haldið auka skipstjórafund en þá þarf að auglýsa það á upplýsingatöflu fyrir kl. 18:00 daginn áður.

6.7 Keppni skal lokið kl. 17:00 þann 15. ágúst nema framlengja þurfi keppni fram á 16. ágúst vegna veðurs og skal þá keppni lokið kl. 17:00.

6.8 Lokahóf með verðlaunaafendingu hefst kl. 19:00 laugardaginn 15. ágúst og fer fram í aðstöðu félagsins nema ef nota þarf varadag.

7. Mælingar.

7.1 Leggja skal fram gilt IRC forgjafarskírteini fyrir hvern bát við skráningu.

8. Siglingafyrirmæli.

8.1 Ef birta þarf viðbótarupplýsingar verða þau aðgengileg á heimasíðu SÍL og/eða á upplýsingatöflu í húsnæði félagsins.


9. Keppnissvæði.

9.1 Á Skerjafirði og nágrenni.

10. Keppnisbrautir.


10.1 Notaðar verða eftirfarandi brautir:

Braut 1.



Start-1-2-1-2 mark

Braut 2.



Braut 3. Annað

11. Stigagjöf.

11.1 Notað verður lágstigakerfi samkvæmt viðauka A í alþjóðakappsiglingareglum.

12. Verðlaun.

12.1 Veitt verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin með IRC forgjöf.

13. Köfunarbúnaður og plastlaugar.

13.1 Ekki skal nota öndunarbúnað til notkunar neðansjár og plastlaugar eða samsvarandi búnað við kjölbáta frá því undirbúningsmerki fyrir fyrstu keppni er gefið og þar til móti lýkur.

14. Fjarskipti.

14.1 Bátar skulu ekki hafa samskipti með talstöð sem ekki er aðgengileg öllum meðan þeir keppa nema í neyðartilvikum. Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma. Keppisstjórn notar rás 74 til samskipta.

15. Takmörkun ábyrgðar.

15.1 Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4 í kappsiglingareglum World Sailing, Ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda, líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við eða á, fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur.

16. Ábyrgðartrygging.

16.1 Hver bátur skal vera tryggður og með gilda ábyrgðartryggingu.

17. Merkingar.

17.1 Allir bátar skulu auðkenndir með einhverjum hætti, seglanúmeri, bátsnafni eða bátsnúmeri.

18. Áhöfn.

18.1 Fjöldi í áhöfn skal tiltekinn við skráningu, vera samkvæmt reglum IRC og má vera +/- 1 áhafnarmeðlimur. Skrá skal varamenn fyrirfram, um leið og skráning fer fram. Bregða má út frá því ef alvarleg ófyrirséð atvik koma upp.

18.2 Engar takmarkanir eru á breytingu þyngd áhafnar aðrar en þær sem fram koma á IRC forgjafarskírteini.

18.3 IRC regla 8.2.1 um forgjöf fyrir fáliðaða áhöfn verður ekki heimilud.

19 Önnur mál.

19.1 Allar frekari upplýsingar veitir keppisstjóri á netangi adalsteinn@lyfja.is fram að keppnisdegi eftir það verða allar tilkynningar birtar á upplýsingatöflu í húsakynnum félagsins.

Skráningarblað

Nafn báts: _____

Skipstjóri / kennitala: _____

Seglanúmer: ISL- _____

Forgjöf: _____

Félag sem keppt er fyrir: _____

Áhöfn, nafn / kennitala _____

Áhöfn, nafn / kennitala _____

Áhöfn, nafn / kennitala _____

Áhöfn, nafn / kennitala _____

Áhöfn, nafn / kennitala _____

Áhöfn, nafn / kennitala _____

Áhöfn, nafn / kennitala _____

Áhöfn, nafn / kennitala _____

Varamaður, nafn / kennitala _____

Varamaður, nafn / kennitala _____

ATH.

Samkvæmt reglu 3.1 kemur fram að áhafnameðlimir skulu vera fullgildir félagar í siglingafélagi skv. móta og keppnisreglum SÍL. Keppendum verður hugsanlega flett upp hjá ÍSÍ til að kanna þetta.